

**Grunnskóli
Hornafjarðar
470 8400**



Fundargerð

8. fundur í skólaráði Grunnskóla Hornafjarðar 2020-2021 7. maí. kl. 8:15-9:30 – í stofu 6 í Heppuskóla

Fundarstjóri: Þórgunnur Torfadóttir
Fundarritari: Björn Sigfinnsson

Mættir: Katrín Guðmundsdóttir; Sigrún Gylfadóttir, Ída Mekkin Hlynsdóttir, Stígur Aðalsteinsson, Björn Sigfinnsson, Eva Rán Ragnarsdóttir og Þórgunnur Torfadóttir. Eygló Illugadóttir var gestur fundarins fyrir hönd sjálfsmatsteymis skólans.

Dagskrá

- 1. Almennur foreldrafundur.** Til stóð að hafa foreldrafund 13. apríl en hann frestaðist vegna samkomutakmarkanna. Ákveðið að stefna á fund 18. maí en það lítur núna út fyrir að samkomutakmarkanir munu leyfa það. Unnið verður með SVÓT greiningu á fundinum og lögð áhersla á að niðurstöðurnar geti nýst í skólastarfinu og vinnu skólaráðs. Einnig verða fulltrúar í skólaráð kosnir á þessum fundi. Vantar þrjá – fjóra foreldra fyrir næsta vetur í skólaráð. Kynna skólaráð í fundarboðinu og hvetja foreldra til þátttöku.
- 2. Framvinduskýrsla vegna ytra mats – Skila þarf inn framvinduskýrslu til MMS fyrir 1. júní – Þeir þættir sem snúa beint að skólaráði eru;**
 - a. Í fyrra ákváðum við að kjósa fulltrúa foreldra að vori í skólaráð – Á foreldrafundinum sem áætlaður er 18. maí verður fulltrúar í skólaráð kosnir.
 - b. Ákveðið var að breyta kjöri nemenda, þeir eru kjörnir til tveggja ára, einn kosinn á hverju ári. Byrjað var á þessu síðasta haust svo þetta er í fínu lagi.
 - c. Ákveðið var að skólaráð myndi hafa almennan foreldrafund einu sinni á skólaári og nú er sá fundur kominn á koppinn.
- 3. Skipulag næsta skólaárs – málsvari, hreyfing, tölvukennsla, áframhaldandi ípadvæðing, teymiskennsla og fleira.**

Farið verður af stað með nýja 40% sem mun bera nafnið málsvari. Sá sem gegnir þessu starfi mun verða ákveðinn tengiliður milli foreldra og skóla á ákveðnum málum en einnig tengiliður við börn í málum sem þess þarfnast. Íþróttakennurum verður fjölgað í þrjá, ekki þó til að fjölga beinum íþróttatímum heldur til að auka hreyfingu og fjölbreytni í skólastarfinu. Þá mun einn bekkur í viðbót fá ípada og tölvukennsla færast meira inn í bekki og tengist verkefnavinnu í hverjum bekk fyrir sig í stað þess að vera í bekkjum.

4. Starfsmannamál - ekki miklar breytingar í farvatninu og það lítur ágætlega út með ráðningar.

5. Önnur mál

- Ída spurðist fyrir um kynfræðslu, hvort það yrði ekki meiri kynfræðsla í skólanum
- Mikil umræða um verkefnavinnu og fjölbreytni í skilum. Almenn ánægja með fjölbreytni í verkefnavinnu og skilum og áherslu á skapandi skólastarf.
- Skólaslit – enn allt óljóst með þau
- Sigrún kom með fyrirspurn um umgengni í Bárinni og velti fyrir sér hvernig hægt væri að bæta hana. Stígur segir að umgengni hafa skánað frá því sem var. Rætt um hvað væri til ráða og hvernig væri hægt að auka samfélagsábyrgð.